

Fundur 30.10.2023 Peachy Geldof,

Góða kvöldið, komið þið sæl og blessuð.

*Blessuð og góða kvöldið.*

Gleður það mig að tala við ykkur, hlakkaði ég mikið til að fá að tala við ykkur, fólk á gömlu jörðinni og hér er allt svo fallegt og gott.

Og finnst mér það skrítið að tala svona til ykkar og er það ekki auðvelt, því að um leið og ég missi sjónar á steininum sem ég á að horfa á til að magna sambandið, á ég erfiðara með að ná til ykkar.

Ég fékk svo litla þjálfun og nám í þessu, en það er ekkert eins og að prófa það af eigin raun.

Ég er alltaf á ferð og flugi og hefur nóg að gera og það þarf mikla þjálfun til þess að komast á rétta bylgjulengd til þess að takast þetta vel, en hér eru margir að hjálpa mér.

Og mér finnst stórkostlegt að vera komin fram á þessum stað og það er erfiðast að hér eru miklu fleiri sem ég hef lesið um, heldur en þeir sem ég kynntist af eigin raun og afi minn og amma og aðrir eru hér.

Og maður þarf að skapa sér nýtt líf og allt það sem ég fékkst við á jörðinni, hefur að vísu, hvað er orðið yfir það? Sem hægt er að túlka yfir á ykkar tungumál?

Skýrskotun í okkar samtíma og eigum við samskonar störf á þessum hnetti, en menningin er ekki nákvæmlega eins og lenti ég í svo litlum vandræðum sem ég, veit ekki hvort ég get sagt frá í kvöld, en ég nýt lífsins á miklu fyllri hátt hér og hef ég látið rætast úr mér á annan hátt og sakna barnanna minna og fjölskyldunnar mjög, á gömlu jörðinni.

Og vegna þess sársauka sem það olli mér að skilja við gamla lífið mitt og jörðina, hef ég einbeitt mér að því að hjálpa þeim sem koma hingað yfir og lentu í samskonar örlögum og ég.

Og þess vegna sagði ég það í upphafi að ég hef ekki lengur áhuga á sömu hlutunum og hef meiri áhuga á að hjálpa öðrum hér í framlífi.

Og veit ég að það hefði glatt föður minn og foreldra mína.

Ég finn hér einhverja tengingu við ykkur í kvöld, veit ekki nákvæmlega, en ég tók, var ein af mörgum sem tók á móti Matty Carry

Ég er, var módel og fjölmiðla stjarna Geldof.

*Bob Geldof?*

Nei, Peaches Geldof, faðir minn er hann.

Ok.

Bresk írsk, heroín var mér að falli, Peachy Geldof.

*Já já , velkomin.*

Var í fjölmiðlabransanum en hef nú meiri áhuga á að hjálpa öðrum og margs konar erfiðleikar sem þarf að hjálpa fólki með.

En ég get ekki talað lengur, þakka fyrir mig, verið þið sæl.

*Vertu blessuð og gangi þér vel og velkomin aftur. Takk fyrir.*